31. ágúst 2022
UMSÖGN // Listaháskóli Íslands
Drög að stefnu í málefnum tónlistar 2023-2030.

Listaháskóli Íslands fagnar nýrri stefnu í málefnum tónlistar, megininntaki hennar og uppsetningu sem er bæði skýr og aðgengileg.

Stofnun tónlistarmiðstöðvar er mikilvæg og jákvæð þróun í átt að því að skapa tónlistinni nauðsynlega umgjörð og stuðning. Það er jákvætt að stefnan tekur til þess að styrkja jarðveginn fyrir grasrót og vöxt sprota sem og aðgengi að tónlist og tónlistarmenntun. Áherslur á inngildingu, sjálfbær markmið og græn skref eru mikilvægar.

Sérstaklega ber að fagna því sem fram kemur í aðgerðum um uppbyggingu framtíðarhúsnæðis LHÍ og skoðun á rekstrarumhverfi skólans með það að markmiði að samræma skólagjöld við aðra háskóla.

Í stefnunni mætti minnast á rannsóknir í samhengi við nýsköpun. Vert er að nefna að tónlist er grein þar sem rannsóknir eru stundaðar, oft í þverfaglegu samstarfi við önnur fræðasvið, tónlistarmenn stunda listrannsóknir sem skila sér í nýsköpun og tónlistarflutningi og fjölbreyttum tónlistarverkefnum. Rannsóknir fræðimanna á íslenskri tónlist og tónlistarmenningu stuðla að auknu aðgengi og kynningu. Þessu mætti taka á í stefnunni. Gott er að ráðist verði í að auka kynningar á erlendum styrktarsjóðum.

Varðandi kafla um hágæðatónlistarmenntun þá er ljóst að brýn þörf er á mótun heildstæðrar stefnu um tónlistarmenntun og ber kaflinn þess merki, en flestar athugasemdir LHÍ lúta að þeim kafla.

Heilt yfir fagnar Listaháskóli Íslands nýrri tónlistarstefnu þó mætti tengja hana betur við frumvarp til laga hvað varðar aðgerðir og fjármögnun.

Feitletrað eru tillögur að breytingum eða viðbót við texta. Útskýringar eða athugasemdir eru fyrir neðan.

Áhersla 1: Tónlistarmenning og -menntun // Markmið 2 Tónlistararfleið og varðveisla menningarverðmæta. // bls. 6
Tónlistarverðmæti má finna á mörgum stöðum í dag. Landsbókasafnið, RÚV, Tónverkamiðstöð og **bókasafn Listaháskóla Íslands** geyma töluvert af merkum tónlistarminjum...

> Útskýring:
> Bókasafn Listaháskóla Íslands sem er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann og er safnið sem er stærsta listbókasafn landsins jafnframt stærsta tónlistarbókasafn landsins. Þar er að finna fjölbreytt efni um listir og menningu, s.s. fræðibækur, tímarit, myndefni, leikhandrit, hljómplötur, geisladiskar og nótnabækur sem og aðgengi að rafrænum gagnasöfnum. Varðveisla, miðlun og aðgengi að safninu eru mikilvæg fyrir tónlistina í landinu. Það á við um almenning, tónlistarnema, tónlistarfólk, fræðimenn og sem rannsóknarvettvangur.

Áhersla 1: Tónlistarmenning og -menntun // Markmið 3 Fjölbreytt hágæða tónlistarmenntun // bls. 7

Þar að auki er forvarnargildi tónlistar**náms** ótvírætt.

> Útskýring:

Uppfæra notkun hugtaka til samræmis við það sem tíðkast í umræðu. Hugsanlega mætti hér nota víðara hugtak; tónlistarnám, tónlistarmenntun eða tónlistarnáms og -kennslu.

Á Íslandi á að vera aðgengi að fjölbreyttri tónlistarmenntun á öllum skólastigum og börn og unglingar eiga að geta haft aðgang að tónlistarnámi **og aðstöðu til tónlistariðkunar og tónsköpunar (a)** óháð bakgrunni og búsetu. **Mikilvægt er að nám í tónlistarskólum (b)** sé einstaklingmiðið þar sem hugað er að **áhugasviði og þörfum (c)** hvers og eins nemanda. Tryggja þarf að kennsluhættir séu fjölbreyttir og mikilvægt að námið samanstandi af einkatímum, jafnt sem samspili og hóptímum.

Útskýring:

(a) Í samhengi við aðgengi mætti hér horfa til óformlegrar tónlistarmenntunar s.s. þeir sem eru að búa til tónlist í tölvum, og stofna hljómsveitir og taka upp, aðgengi að æfingaaðstöðu, upptökuveri og önnur uppbygging slíkra innviða í skólum myndi styðja við tilraunir, nýsköpun og tónlistariðkun.

(b) Í stað hljóðfæranáms mætti nota nám í tónlistarskólum og ná þannig yfir söng og annað tónlistarnám.

(c) Nefna hér áhugasvið auk þarfa til að undirstrika einstaklingsmiðað nám.

(d) Að þjálfa færni sem tónlistarflytjandi krefst mikils aga og fer mikilvægur hluti námsins fram í einkatímum, en einnig í samspili og í hóptímum þar sem nemendur hljóta þjálfun í miðlun og flutningi sem og spuna og tónsköpun. Það þarf að ríkja skilningur á mikilvægi einkakennslu í tónlistarnámi en jafnframt er mikilvægt að opnað sé inn í hið lokaða námsumhverfi einkakennslunnar með það fyrir augum að efla frumkvæði og sjálfstæði nemenda og styrkja í samspili, flutningi og miðlun. Því er hér gerð athugasemd við að fjalla um einkatíma án ofangreinds samhengis.

Tryggja þarf eðlilega samfellu í námi, frá fyrstu stigum í tónlistarskólum sveitarfélaga yfir í mið- og framhaldsstig í Menntaskóla í tónlist **eða öðrum tónlistarskólum** og loks á háskólastig við Listaháskóla Íslands **eða aðra háskóla**. Þá er jafnframt mikilvægt að huga að því að námsframvinda sé eðlileg á milli skólastiga.

Útskýring:
Aðrir tónlistarskólar en Menntaskóli í tónlist kenna á framhaldsstigi. Nemendur sem hefja nám við LHÍ koma mjög víða að úr tónlistarskólum á Reykjavíkursvæðinu og víðs vegar um landið. Margir skólar aðrir en LHÍ bjóða einnig upp á menntun að loknu framhaldsstigi, einnig sækja tónlistarnemar háskólanám erlendis. Hér er spurning hvort rétt sé að setja þetta fram hér í tónlistarstefnu áður en ítarleg og heildstæð stefnumótun tónlistarmenntunar hefur átt sér stað sem tekur á þessum þáttum. Varðandi síðustu setninguna um eðlilega námsframvindu, þá ber að huga að því að námsframvinda getur verið einstaklingsbundin og námsframboð þarf að vera í samræmi við þarfir nemenda og markmið þeirra með náminu í takt við einstaklingsmiðað nám.

Tónlistarkennarar eru hjarta tónlistarkennslu og er starf tónlistarkennara bæði fjölbreytt og gefandi. Vekja þarf athygli tækifærum til **sí- og endurmenntunar þeirra sem sinna kennslu í tónlistarskólum** og kennaranámi fyrir tónlistarskólakennara, [bæði hljóðfæranámi og fræðigreina] . **Einnig ber að kynna kennaramenntun til réttinda í leik- grunn- og framhaldsskólum** með það að markmiði að **efla tónlistarmenntun fyrir alla** og mæta þörfum á öllum skólastigum.

Útskýring:
Tónlistarnám í tónlistarskólum byggir á faglegum störfum vel menntaðs tónlistarfólks sem á langt og strangt nám að baki og veit hvað þarf til þess að ná árangri. Mörg þeirra sinna tónlistarkennslu jafnhliða öðrum fræða-/liststörfum t.d. sem tónlistarflytjendur og búa yfir mikilvægri reynslu úr störfum sínum á vettvangi tónlistarinnar. Einnig starfar við tónlistarskóla tónlistarfólk sem hefur menntað sig sérstaklega til kennslu í tónlistarskólum. Það er jákvætt að lagt sé til að vekja athygli á kennaranámi í stefnunni. Í samhengi tónlistarskóla mætti sérstaklega minnast á sí- og endurmenntun þeirra sem sinna tónlistarskólakennslu.

Í efnisgreininni mætti greina betur á milli tónlistarkennara í tónlistarskólum annars vegar og hins vegar listgreinakennara sem sinna tónlistarkennslu í leik- grunn- og framhaldsskólum þar sem kennaramenntunar er krafist. Mælst er til þess að lögð sé sérstök áhersla á menntun listgreinakennara með áherslu á tónlistarkennslu til að efla tónlistarkennslu á öllum skólastigum og auka þannig lífsgæði þar sem tónlist leikur mikilvægan þátt. Oft eru það þeir sem búa ekki við sterkar samfélagslegar aðstæður sem geta fengið hve mest út úr tónlistarstarfi. „bæði hljóðfæranámi og fræðigreina“ mætti sleppa.

Framhalds- og háskólanám í tónlist þarf að tengjast atvinnulífi tónlistar á markvissan hátt og **námsframboð og námsþróun og uppbygging rannsókna sé í ríku samtali við fagvettvang tónlistar og hagaðila til að þjóna megi þörfum tónlistargeira samtímans sem best**. [og stefna þarf að því að bjóða upp á yfirgripsmikla menntun á háskólastigi á viðskiptaumhverfi tónlistar eða því sem á ensku er kallað „music buisness“]

Útskýring:
Spurning hvort að hér sé við hæfi að nefna hér sértækt dæmi um viðskiptaumhverfi tónlistar. Hér mætti til að mynda nefna margar námsbrautir sem eru og hafa verið í þróun og umræðu hjá LHÍ, m.a. nám í kórstjórn, tónlistarfræði, flytjendanám í jazztónlist, popptónlist, meistaranám fyrir tónlistarflytjendur, meistaranám í óperu svo eitthvað sé nefnt. Mætti e.t.v. sleppa því að nefna „music buisness“ sérstaklega og leggja heldur áherslu að námsframboð sé þróað í samræmi við þarfir og í samtali við fagvettvang.

Áhersla 1: Tónlistarmenning og -menntun // Markmið 3 Fjölbreytt hágæða tónlistarmenntun //Aðgerðir // bls. 7

Aðgerð 1. Við endurskoðun á fyrirkomulagi listnáms verður meðal annars horft til fyrirkomulags (**og/eða sérstöðu**) tónlistarnáms.

Útskýring:
Hér vantar að skýra betur hvað átt er við. Er hér e.t.v. átt við sérstöðu tónlistarnáms? Benda má á að þörf er á mótun heildstæðrar stefnu í tónlistarmenntun á öllum skólastigum, hugsanlega í samhengi við stefnumótun í listnámi í öllum greinum lista.

Aðgerð 2. Farið verði í auknar kynningar á kennaramenntun **listgreinakennara sem sinna tónlistarkennslu í leik- grunn og framhaldsskólum, kennaramenntun tónlistarskólakennara auk kynninga á sí- og endurmenntun tónlistarskólakennara.**

Útskýring:

Vísað til fyrri athugasemda um að skýra betur og aðgreina menntun kennara fyrir leik-grunn- og framhaldsskóla annars vegar og tónlistarskólakennara hins vegar. Það er gott að farið verðu í kynningar á tónlistarmenntun. Hér væri mikilvæg aðgerð á sviði menntamála að efla kennaramenntun, sí- og endurmenntun fyrir tónlistarkennara á öllum skólastigum.

Tillaga að aðgerð: Efla samstarf tónlistargeirans við menntastofnanir og samstarf við aðrar listgreinar og önnur fræðasvið.

Útskýring:
Mögulega mætti bæta við aðgerðum um samstarf menntastofnana við tónlistarstofnanir, tónlistarhópa og tónlistarfólk um fræðslustarf og námsþróun og á sviði rannsókna. Einnig mætti koma inn á samstarf til að styrkja og efla námtækifæri nemenda s.s. við stofnanir eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarhópa.

Tillaga að aðgerð: Kynning á rannsóknarstarfi tónlistarmanna og rannsóknarafrakstri

Útskýring:
Bæta mætti við aðgerð um kynningu og miðlun á rannsóknum. Rannsóknir í tónlist eiga sér stað innan háskóla en einnig úti á fagvettvangi tónlistar þar sem listrannsóknir eru oft grunnur að tónsköpun og tónlistarflutningi. Mikilvægt hlutverk Tónlistarmiðstöðvar getur verið aðkoma að miðlun rannsókna og rannsóknarafraksturs. Í því samhengi má vísa til kynningarstarfs sviðslistamiðstöðvar á íslenskum danshöfundum og danshópum en mörg þeirra verkefna sem þar eru kynnt eru rannsóknarverkefni sprottin úr rannsóknarstarfi nemenda og akademískra starfsmanna LHÍ. Einnig má nefna rannsóknir íslenskra og erlendra fræðimanna á íslenskir tónlist og tónlistarmenningu sem nú þegar stuðla að auknu aðgengi og kynningu á íslenskri tónlist.

Markmið 4: Skilvirkt sjóðakerfi tónlistar // bls. 10

Athugasemd:
Í þessum kafla mætti koma inn á rannsóknir í samhengi við nýsköpun sem oft sprettur úr frjóu rannsóknarumhverfi. Einnig mætti í þessum kafla nefna rannsóknir sem hluta af mikilvægu starfi tónlistarfólks. Sem dæmi um aðgerð mætti kortleggja rannsóknarstarf tónlistarfólks á íslandi til að greina betur þörf á stuðningi við rannsóknir.

Tillaga að aðgerð: Að láta stefnur miðstöðvanna tengjast.

Útskýring:
Í ljósi þverfaglegra áherslna mætti leggja áherslu á samstarf miðstöðva listanna, ekki síst þegar um er að ræða greinar tónlistar sem falla að hluta til inn á svið annarra listgreina. Þetta á t.d. við um óperulist sem er skilgreind með sviðslistunum en meginforsenda óperu er þó tónlist og svipað má segja um leikhústónlist og kvikmyndatónlist.

Fyrir hönd Listaháskóla Íslands,

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor
Þóra Einarsdóttir, sviðsforseti kvikmyndalistar, sviðslista og tónlistar